

7. gr.

Við upptalningu staðla í viðauka III bætist:
ÍST EN71-5, Leikföng, Öryggiskrafa. 5. hluti: Efnafræðileikföng (sett), önnur en tilraunasett.

8. gr.

Nýr liður, f-liður, bætist við 2. kafla viðauka IV, svohljóðandi: skal gefa út vottorð um CE-gerðarviðurkenningu.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, sbr. lög nr. 52/1995, um breytingu á þeim, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 15. maí 1995.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Finnur Sveinbjörnsson.

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem heilbrigðisfulltrúi hér á landi og kalla sig heilbrigðisfulltrúa hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi umhverfissráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim sem hefur menntun á sviði heilbrigðis- og umhverfiseftirlits, sem umhverfissráðuneytið metur gilda. Áður en leyfi er veitt skal leita álits Hollustuverndar ríkisins um hæfni umsækjenda.

3. gr.

Menntun heilbrigðisfulltrúa skal vera:

- a) Háskólapróf í heilbrigðis- og umhverfiseftirliti.
- b) Háskólapróf í skyldum greinum, auk sérnáms og/eða starfsreynslu.

Starfsreynsla skal vera 12 mánuðir. Heimilt er að skipta starfsþjálfunartímabili þannig að hluti þess sé unninn hjá Hollustuvernd ríkisins. Að öðru leyti fer starfsþjálfun fram hjá heilbrigðiseftirliti á svæði þar sem starfa a.m.k. tveir heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi.

Heimilt er að viðurkenna skipulegt sérnám (bóklegt og/eða verklegt) við erlendar stofnanir. Hið sama gildir um innlend námskeið tengd heilbrigðiseftirliti. Skal hver mánuður í slíku sérnámi jafngilda tveggja mánaða starfsreynslu hjá heilbrigðiseftirliti hérlandis.

- c) Önnur sambærileg menntun.

4. gr.

Heilbrigðisfulltúi starfar að heilbrigðis- og umhverfiseftirliti í umboði heilbrigðisnefnda samkvæmt ákvæðum laga og reglna, sem nefndunum hefur verið falið að annast framkvæmd á. Heilbrigðisfulltrúi starfar ennfremur fyrir svæðisnefnd í samræmi við 26. gr. laga nr. 81/1988 með síðari breytingum.

Heilbrigðisfulltrúi er háður faglegu eftirliti landlæknis í starfi sínu.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til starfa sem heilbrigðisfulltrúa aðra en þá sem hafa leyfi samkvæmt reglugerð þessari.

6. gr.

Heilbrigðisfulltrúa ber að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið.

7. gr.

Heilbrigðisfulltrúa er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda heilbrigðisfulltrúa helst þótt hann láti af störfum.

8. gr.

Um refsingu vegna brota heilbrigðisfulltrúa í starfi, svifingu starfsleyfis og endurveitingu gilda ákvæði læknalaga nr. 53/1988. Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 26. gr. 4. tl. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. breytingu nr. 54/1994, og að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hvað snertir hlutverk landlæknis, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 150/1983, með breytingu nr. 765/1983.

Umhverfisráðuneytið, 15. maí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ólafsfjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Ólafsfirði, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 50, 10. febrúar 1989.